



# Skólareglur

1. Öll samskipti í skólanum skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Nemendur eiga að fara eftir fyrirætlum starfsfólks skólans.

*Frávik skráð og rædd við viðkomandi nemanda. Við síendurtekin frávik hefur umsjónarkennari/kennari samband við foreldra/forráðamenn og boðar þá til fundar.*

*Stoðkerfi skólans komi að þegar mál verða erfið úrlausnar. Hér er átt við námsver, atferlisver, námsráðgjöf, nemendaverndarráð, skólahjúkrun og ráðgjafa í Miðgarði. Þá getur einstaka málum verið beint til Barnaverndar Reykjavíkur.*

2. Nemendur eiga að mæta stundvíslega í allar kennslustundir með þau gögn sem nota skal hvern dag. Miklægt er að forföll séu tilkynnt samdægurs fyrir kl. 09:30 í síma 411-7720 af forráðamanni nemanda svo ekki verði um misskráningu að ræða.

- ⇒ Umsjónarkennari getur veitt leyfi í 1-2 daga.
- ⇒ Þurfi nemandi leyfi í 3-5 daga skal forráðamaður hans sækja um það á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðunni; rimaskoli.is (eyðublað) eða á skrifstofu skólans.
- ⇒ Leyfi sem er lengra en ein vika er litið á sem tímabundna undanþágu frá skólasókn. Sótt er um slík leyfi á sérstöku eyðublaði, sem er á heimasíðu skólans eða á skrifstofu hans.
- ⇒ Skólinn áskilur sér rétt til að hafna tímabundinni undanþágu frá skólasókn ef ástæða þykir til, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla.

*Gefin er ástundunareinkunn í 8.—10. bekk. Hún segir til um stundvísi nemenda og hvernig þeir sækja skólann. Allir nemendur byrja með einkunnina 10 í byrjun skólaárs, en óleyfilegar fjarvistir of óstundvísi koma til frádráttar samkvæmt ákveðnum reglum. Hægt er með 100% mætingu að hækka skólasóknareinkunn um 1,0 á viku, en sótt er um það hjá umsjónarkennara sbr. 2. gr. skólareglna, þó aldrei hærra en í einkunnina 8,0.*

- 1 punktur nemandi mætir of seint í tíma
- 1 punktur nemandi mætir óundirbúinn
- 1 punktur nemandi vinnur illa í tíma
- 1 punktur nemandi er á íþróttafata
- 2 punktar nemandi er fjarverandi úr kennslustund á leyfis
- 2 punktar nemanda er vísað úr kennslustund

**Einkunnir eru gefnar samkvæmt meðfylgjandi töflu:**

0-2 punktar	10,0	46-50	5,0
3-5	9,5	51-55	4,5
6-10	9,0	56-60	4,0
11-15	8,5	61-65	3,5
16-20	8,0	66-70	3,0
21-25	7,5	71-75	2,5
26-30	7,0	76-80	2,0
31-35	6,5	81-85	1,5
36-40	6,0	86-90	1,0
41-45	5,5	91-95	0,5
		96-100	0,0

*Frávik skráð og rædd við viðkomandi nemanda. Við siendurtekin frávik hefur umsjónarkennari/kennari samband við foreldra/forráðamenn og boðar þá til fundar.*

*Stoðkerfi skólans komi að þegar mál verða erfið úrlausnar. Hér er átt við námsráðgjöf, nemendaverndarráð, skólahjúkrun og ráðgjafa í Miðgarði. Þá getur einstaka málum verið beint til Barnaverndar Reykjavíkur.*

*Nemandi sem hefur fallið niður í lágmarksviðmið í skólasókn (51 punktar) hefur ekki lengur rétt til þátttöku í ferðum og félagslífi nemenda. Með verulega bættri skólasókn að mati skólastjórnar og viðkomandi umsjónarkennara ávinnur nemandi sér þátttökurétt að nýju.*

3. Nemendur skulu ganga vel um skólann og allar eignir hans jafnt innan dyra sem utan. Fara skal úr útiskóm við skóskápa. Utanyfirfatnað og húfur skal hengja upp í kennslustofum.

Bannað er að vera með hávaða og hlaup á göngum og opnum rýmum skólans. Notkun hjólabretta, hlaupahjóla, línuskauta, hjólaskóa, vélhjóla og snjóbotna er bönnuð í skólanum. Notkun reiðhjóla er óheimil í mesta skammdeginu, þ.e. frá 15. október til 15. apríl.

*Frávik skráð og rædd við viðkomandi nemanda. Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Við siendurtekin frávik hefur umsjónarkennari/kennari samband við foreldra/forráðamenn og boðar þá til fundar.*

4. Öll samskipti sem eru ógnandi eða valda öðrum skaða eru litin mjög alvarlegum augum. Nemendum er stranglega bannað að vera með hættulega hluti eða vopn s.s. eldfæri, hnífa eða annað sem getur skaðað þá sjálfa eða aðra í skólanum.

*Brot og atvikalýsing skráð og tafarlaust tilkynnt foreldrum/forráðamönnum nemenda, Barnavernd Reykjavíkur, ráðgjöfum á Miðgarði eða lögreglu. Foreldrar/forráðamenn eru þegar í stað boðaðir í skólann til fundar og þeim gert*

*að hafa viðkomandi nemanda heima á meðan skólinn og aðrir sem að málinu koma kanna málavexti og gera tillögur um viðbrögð. Foreldrar/forráðamenn eru boðaðir til fundar þar sem leitast er við að finna ásættanleg skilyrði fyrir endurkomu nemanda í skólann og viðbrögð komi til endurtekens brots.*

5. Notkun farsíma, tölvuleiktækja og hvers konar hljómtækja er óheimil í kennslustundum.

**Sérreglur um farsíma - gsm**

a) Óskað er eftir því við foreldra/forráðamenn nemenda 1. – 7. bekkja að þeir sendi börn sín **ekki** með farsíma (gsm) í skólann, - nema brýna nauðsyn beri til. Þeir nemendur sem kunna að koma með síma skulu geyma þá í töskum og með slökkt á þeim.

b) Óæskilegt er að nemendur 8. – 10. bekkja komi með farsíma í skólann. Taki þeir engu að síður síma með sér gilda eftirtaldar reglur:

⇒ Í kennslustundum á skilyrðislaust að vera slökkt á farsímunum og þeir eiga að vera geymdir í töskum.

⇒ Brjótí nemandi af sér skal hann afhenda símann og fær hann aftur í lok skóladags

6. Myndatökur þ.m.t. með farsímunum eru óheimilar í skólahúsnæði Rimaskóla á skólatíma nema með leyfi skólastjórnenda.

**Frávik skráð og rædd.** Myndatökur, sem hluti eineltis eða ærumeiðinga, eru alvarlegur verknaður. Verði nemendur uppvísir að slíku hátterni verða þeir kallaðir til ábyrgðar og foreldrar/forráðamenn boðaðir til fundar í skólanum ásamt öðrum þeim sem málið kann að varða.

7. Æskilegt er að nemendur neyti hollrar fæðu í skólanum. Óheimilt er að vera með gosdrykki og sælgæti í skólanum. Undantekningar frá því eru ákveðnar af viðkomandi umsjónarkennara. Nemendur í 1.– 7. bekk fara út í frímínútur. Nemendum skólans er óheimilt að fara út af skólalóð á skólatíma án sérstaks leyfis.

**Frávik skráð og rædd.** Við siendurtekin frávik hefur umsjónarkennari/kennari samband við foreldra/forráðamenn. Brotthvarf nemanda á skólatíma er lítið alvarlegum augum. Þegar slíkt gerist er tafarlaust haft samband við foreldra/forráðamenn og farið fram á aðstoð þeirra við að hafa uppi á viðkomandi nemanda og koma honum í skólann.

8. Nemendur komi ekki með peninga í skólann að þarflausu og skilji ekki verðmæti eftir í fötum sínum í stofum, á göngum eða í búningsklefum. Skólinn tekur enga ábyrgð á persónulegum munum nemenda, fjármunum eða eignum (s.s. reiðhjólum, skóm, símum o.fl.).

**Frávik skráð og rædd.** Starfsmaður sem að málinu kemur tilkynnir það umsjónarkennara sem þegar skal hafa samband við foreldra/forráðamenn og kynna þeim stöðu mála.

9. Reykingar, sem og notkun eða meðhöndlun ávana- og vímuefna, eru stranglega bannaðar á skólatíma. Bannið gildir einnig á skemmtunum, ferðalögum og hvar sem fram fer skipulagt starf á vegum skólans.

*Brotið og atvikalýsing skráð og tafarlaust tilkynnt foreldrum/forráðamönnum, Barnavernd Reykjavíkur, ráðgjöfum á Miðgarði og lögreglu. Foreldrum/forráðamönnum skal þegar í stað tilkynnt um brotið og þeim gert að hafa viðkomandi nemanda heima á meðan skólinn og aðrir sem að málinu koma kanna málavexti og gera tillögur um viðbrögð. Foreldrar/forráðamenn boðaðir til fundar þar sem leitast er við að finna ásættanleg skilyrði við endurkomu nemanda í skólann og viðbrögð komi til endurtekens brots.*

10. Nemendum ber að fara eftir reglum skólans og stuðla með því að bættum og jákvæðum skólaanda. Skólareglur gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans s.s. í vettvangsferðum, ferðalögum eða á skemmtunum.

Umsjónarkennarar skulu fara reglulega yfir skólareglurnar með nemendum sínum. Kennurum allra árganga ber í samráði við nemendur að setja samræmdar reglur um umgengni og almenn samskipti í skólastofum, í matsal, á göngum og annars staðar þar sem starfað er í skólanum.

*Gerist nemandi sekur um lögbrot eða alvarlegt brot á skólareglum að mati skólastjórnar verður forráðamönnum gert að sækja nemandann eða hann sendur heim á kostnað forráðamanna. Þetta á við hvar sem nemandi er staddur*



## Rimaskóli



Eftirtaldir aðilar hafa fjallað um, endurgert og samþykkt þessar skólareglur fyrir Rimaskóla.

Sign: Stjórnendur Rimaskóla;  
Helgi Árnason, skólastjóri.  
Marta Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri.  
Kennararáð Rimaskóla.  
Stjórn Foreldrafélag Rimaskóla:  
Magnús G. Guðfinnsson, formaður.  
Foreldraráð Rimaskóla:  
Vignir Bjarnason formaður.  
Fulltrúar úr stjórn  
Nemendafélags Rimaskóla.

Helgi Viborg, deildarstjóri  
sérfræðideildar Miðgarðs,  
þjónustumiðstöðvar  
Grafarvogs og Kjalarness,  
gaf umsögn um reglurnar.